

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að haldinn verði íbúafundur þar sem samgöngumál með áherslu á Reykjanesbraut verða rædd. Fundurinn verði haldinn í október og er bæjarstjóra falinn undirbúningur.

Til fundarins verða boðaðir m.a. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, vegamálastjóri eða fulltrúar hans, þingmenn kjördæmisins, skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar og aðrir sem málið varðar.

Greinargerð.

Mikil uppsöfnuð þörf er á verulegum úrbótum við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar. Gríðarleg aukning bílaumferðar á Reykjanesbraut veldur mikilli slyshættu og langar raðir af bílum myndast á álagstímum. Gatnamótin og hringtorgin á kafla frá Kaplakrika að Lækjargötu eru með hæstu slysatíðni á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem fjölmörg alvarleg slys hafa orðið á einfalda kafla Reykjanesbrautar frá kirkjugarði suður fyrir Straumsvík. Krafa er gerð til stjórnvalda að umferðaröryggi sé tryggt á Reykjanesbraut og að íbúar komist með sæmilegu móti til og frá heimilum sínum án þess að þurfa að leggja sig daglega í stórhættu.

Þá fagna Hafnirfirðingar því að framkvæmdir séu við gerð mislægra gatnamóta Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar sem ætti að vera fyrsta skrefið til úrbóta í samgöngumálum innan Hafnarfjarðar.

Tilgangur íbúafundar:

- Upplýsa almenning um stöðu á samgöngumálum í Hafnarfirði.
- Kynna tölulegar upplýsingar hvað varðar fjölda bíla á helstu umferðaræðum
- Kynna umferðarspár sem eru tiltækar.
- Kynna skipulag Reykjanesbrautar, Kaldárselsvegar og Ofanbyggðavegar á væntanlegu aðalskipulagi Garðabæjar svo og annað sem tengist fundinum.
- Gera grein fyrir viðræðum við Vegagerðina varðandi úrbætur á Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar.
- Ræða úrbætur vegna tíðra slysa á kafla frá kirkjugarði að tvöfalda/fjórvalda kaflanum sunnan Straumsvíkur.
- Fá áætlun stjórnvalda með áframhaldandi uppbyggingu samgöngumannvirkja í og við Hafnarfjörð.

Markmið:

- Fá almenning og íbúasamtök í lið með Hafnarfjarðarbæ við að þrýsta á stjórnvöld um aukið fjármagn til framkvæmda við samgöngumannvirki í og við Hafnarfjörð.
- Auka skilning stjórnvalda á umferðarvandanum á Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar.